

hann fjallar um þetta mál. Verður því heldur eigi á það fallizt með stefnanda, að meðferð setudómarans á margnefndu fógeta-máli geri hann vanhæfan til að fara með og dæma þetta mál.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, telst framangreind krafa stefnanda eigi hafa við rök að styðjast, og er henni hrundið.

Magnús Thoroddsen, setudómari í Þingeyjarsýslu, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Framangreindri kröfu stefnandans, Sigurðar Gizurarsonar héraðsdómslögmanns f. h. Félags landeigenda á Laxársvæðinu, um, að setudómariinn, Magnús Thoroddsen, víki úr dóm-
arasæti í máli þessu, er hrundið.

Föstudaginn 20. nóvember 1970.

Nr. 85/1970. **Ásgeir Ásgeirsson**
(Gunnar Jónsson hrl.)
gegn
H/f Eimskipafélagi Íslands
(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,
Logi Einarsson og Magnús P. Torfason og prófessor Ármann
Snævarr.

Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. apríl 1970. Krefst hann þess, að stefnda verði gert að greiða kr. 25.107.02 með 12% ársvöxtum frá 1. október 1968 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ásgeir Ásgeirsson, greiði stefnda, H/f Eimskipafélagi Íslands, kr. 8.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 25. marz 1970.

Mál þetta, sem upphaflega var dómtekið 4. febrúar 1970, hefur Ásgeir Ásgeirsson stýrimaður, Unnarbraut 4, Seltjarnarneshreppi, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dagsettri 4. janúar 1969, á hendur H/f Eimskipafélagi Íslands, Reykjavík, til greiðslu á kr. 25.107.02 auk 12% ársvaxta frá 1. október 1968 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Stefndi hefur gert eftirfarandi réttarkröfur:

1. Aðallega, að málinu verði vísað frá dómi.
2. Til vara, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu.
3. Til þrautavara, að stefnukröfurnar verði lækkaðar til stórkostlegra muna. Þá er krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati réttarins.

Við munnlegan flutning málsins féll lögmaður stefnda bæði frá frávísunarkröfu sinni í málinu og þrautavarakröfu.

Þann 11. marz 1970 var málið endurupptekið til frekari gagnasöfnunar. Þann 19. marz var málið flutt að nýju, og gerðu aðiljar þá sömu kröfur og áður.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, sem var III. stýrimaður á m/s Tungufossi, eign stefnda, slasaðist við vinnu um borð í skipinu þann 3. apríl 1968, er skipið var statt í Gautaborg. Slysið varð með þeim hætti, að hann féll niður í lest skipsins. Er slysið átti sér stað, hafði stefnandi verið í þjónustu stefnda um tveggja ára skeið. Vegna slyssins var hann óvinnufær í marga mánuði. Greiddi stefndi honum kaup í fimm mánuði, þ. e. a. s. fastakaup, fæðispeninga og frídaga, en aftur á móti hefur stefndi ekki fallizt á að greiða stefnanda nokkuð vegna yfirvinnu, er hann missti af vegna slyssins. Telur stefnandi, að yfirvinna eftirmanns hans

á skipinu þá fimm mánuði, sem hér um ræðir, hafi numið kr. 25.107.02.

Stefnandi reisir kröfu sína á því, að samkvæmt sjómannalög- unum nr. 67/1963, 18. gr., 3. mgr., eigi stýrimaður, sem verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, er hann verður fyrir, meðan á ráðningartímanum stendur, rétt til kaups í allt að tvo mánuði, og samkvæmt 2. gr. kaup- og kjarasamnings milli H/f Eimskipafélags Íslands o. fl. eigi stýrimaður, er veikist, eftir að hann er orðinn fastur starfsmaður hjá útgerðinni, rétt til allt að þriggja mánaða kaupi umfram það, sem tekið er fram í sjó- mannalögnum. Telur stefnandi, að samkvæmt þessu sé augljóst, að hann eigi rétt á öllu því kaupi, sem hann hefði fengið, ef hann hefði verið vinnandi í starfi sínu umrædda fimm mánuði, og þá einnig sömu fjárhæð fyrir yfirvinnu og staðgengill hans fékk greidda þá mánuði, þ. e. a. s. kr. 25.107.02. Að öðru leyti hafi stefndi gert upp við stefnanda að fullu.

Stefndi rökstyður aðalkröfu sína með því, að stefnandi eigi aðeins rétt á fastakaupi í fimm mánuði og öðrum greiðslum, sem hann hafi þegar fengið, en eigi ekki rétt til neinnar greiðslu fyrir yfirvinnu, enda þótt hann kunni að hafa misst af einhverri yfir- vinnu vegna slyssins. Engar dómvenjur hafi skapast um tilfelli það, sem hér um ræði. Til lausnar á ágreiningsefninu um það, hvort stýrimenn eigi rétt til yfirkaups í slysa- og veikindafor- föllum, verði því að leita til skýringa á kjarasamningum og fram- kvæmd þeirra með hliðsjón af gildandi lögum. Gildandi lög og kjarasamningar hafi ávallt verið framkvæmd þannig, að ekki hafi verið greidd yfirvinna í slysa- og veikindaforföllum, svo sem hér sé krafizt

Ekki kemur fram, að stefnanda hafi verið gefið neitt fyrirheit af hálfu stefnda um eftirvinnukaup. Er og ágreiningslaust, að greiðslur til stefnanda af því tagi hafi algerlega ráðizt af því, hve mikil eftirvinna féll til á hverjum tíma. Er það í samræmi við vinnutilhögun á skipum hins stefnda félags og greiðsluhætti hjá því. Verður samkvæmt þessu ekki fallizt á, að krafa sú, sem stefnandi hefur uppi í málinu, verði reist á sjómannalögum nr. 67/1963, 18. gr., 3. mgr.

Fyrirgreint ákvæði í kjarasamningi þeim, sem hér á við, er svohljóðandi: „Veikist stýrimaður, eftir að hann er orðinn fastur starfsmaður hjá útgerðinni, ber honum, auk þess sem tekið er fram í sjólögnum, allt að þriggja mánaða kaupi“.

Ekki er um það neinn ágreiningur með málsaðiljum, að þetta

ákvæði taki einnig til þess tilviks, þegar stýrimaður er óvinnufær vegna slyss. Með hliðsjón af fyrrgreindum atriðum verður aftur á móti ekki heldur talið, að krafa stefnanda verði reist á þessu ákvæði. Er þar og haft sérstaklega í huga það, sem upplýst hefur verið, að í framkvæmd, bæði fyrir og eftir gerð umrædds kjarasamnings, hafa íslensk skipafélög ekki greitt stýrimönnum eftirvinnukaup í veikindaforföllum þeirra.

Samkvæmt því, er að ofan greinir, verða úrslit máls þessa þau, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Kristján Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Gauki Jörundssyni prófessor.

Dómsorð:

Stefndi, H/f Eimskipafélag Íslands, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Ásgeirs Ásgeirssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 23. nóvember 1970.

Nr. 112/1970. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Sigurði Hannessyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómurarnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og Gizur Bergsteinnsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Gaukur Jörundsson.

Bifreiðar. Sýknað af ákæru um brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna.

Rannsókn á vinnandamagni í blóði ákærða var framkvæmd